



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. desember 2012

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um vörugjald, nr. 97/1987, og tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum, 473. mál.**

Samtök iðnaðarins gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

**Samtök iðnaðarins mótmæla þeirri hækkun á vörugjöldum á matvæli sem frumvarpið felur í sér.**

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að vörugjöld á matvæli grundvallist á sykurnihaldi þeirra. Samtök iðnaðarins deila ekki þeirri skoðun, sem fram kemur í frumvarpinu, að skattlagning sykurs sé vænleg leið til að breyta neysluvenjum þjóðarinnar. Ákveði ríkisvaldið hins vegar að afla tekna með sérstakri skattlagningu matvæla geta SI tekið undir það sjónarmið að skattlagning alls sykurs sé sanngjarnari leið en sú sem nú er við lýði að því gefnu að takist að leggja sambærileg gjöld á sykur í tilbúnum vörum og á sykur sem hráefni.

Breytt fyrirkomulag við innheimtu vörugjalda af sykrudum matvælum breytir ekki þeirri staðreynd að íslensk iðnfyrirtæki munu bera stærstan hluta vörugjalda á matvæli. Framkvæmd þess kerfis sem lagt er til í frumvarpinu er afar flókin og því skiptir öllu máli að vandað verði til uppskiptingar tollskrárnúmera og álagningar á tilbúnað vörur til að komast hjá mismunum milli framleiðenda og vöruhegunda. Eins og frumvarpið er lagt fram hefur þetta alls ekki tekist.

Samkvæmt frumvarpinu er bæði framleiðendum og innflytjendum boðið upp á tvær leiðir til að standa skil á vörugjaldinu og er það ætlað til að koma í veg fyrir ofangreinda mismunum. Hugmyndin er góðra gjalda verð en gallinn er sá að framleiðendur eru mjög misjafnlega í stakk búnir til að nýta sér þessa valkosti. Í því samhengi benda SI sérstaklega á minni fyrirtæki eins og bakarí sem hingað til hafa ekki þurft að standa skil á vörugjaldi nema að takmörkuðu leyti.

Bökunarvörur eiga í harðri samkeppni, bæði innbyrðis milli framleiðenda og við innflutning. Stærð fyrirtækja á þeim markaði er mjög breytileg og þar með bolmagn til velja hagkvæmustu leið til að standa skil á gjöldunum. Minni bakaríin hafa hvorki tölvukerfi né mannskap til að framkvæma flókna skýrslugerð þannig að valkostirnir nýtast þeim ekki á sama hátt og þeim stærri. Þeim er því nauðugur einn kostur að kaupa hráefni fullu verði eða kosta miklu til aðkeyptrar þjónustu við álagningu og skil vörugjalda. Það mun því óhjákvæmilega skerða samkeppnisstöðu minni bakaría og stofna afkomu þeirra í hættu. Eina leiðin til að koma í veg fyrir þessa mismunum er að hafa álögur á tilbúnað vörur nægilega háar til að ekki verði óhagkvæmara fyrir framleiðendur að greiða vörugjaldið í hráefnisverðinu og spara þannig bæði sjálfum sér og tollinum vinnu við skrifræði.

Eins og frumvarpið er lagt fram er alveg ljóst að sykurinn kostar mun meira sem hráefni til framleiðslu heldur en innihald í fullunninni vöru. Því er óhjákvæmilegt að fara rækilega yfir viðauka með vörugjaldslögum og lagfæra þessi hlutföll þar sem





Þess er þörf. SI leggja til að tíminn fram að gildistöku laganna verði nýttur til þeirrar vinnu og ítreka boð um að taka þátt í þeirri vinnu.

SI leggja áherslu á mikilvægi þess að draga úr flækjustigi framkvæmdarinnar eins og mögulegt er og telja að besta leiðin til þess sé að sjá til þess að öll innheimta fari fram hjá tollinum en hvati til að framleiðendur innheimti sjálfir og skili vörugjöldum verði í lágmarki.

Að lokum vilja SI lýsa yfir vanþóknum á starfi hins svokallaða starfshóps um endurskoðun vörugjalda á matvæli. Fagþekking þátttakenda í hópnun var ekki nýtt til að ná fram faglegri umræðu um markmið og leiðir við álagningu vörugjalda á matvæli. Þess vegna er þessi breyting á kerfinu ekki eins vel undirbúin og hægt hefði verið.

#### SAMTÖK IÐNAÐARINS

  
Ragnheiður Héðinsdóttir,  
forstöðumaður matvælasviðs

  
Orri Hauksson,  
framkvæmdastjóri